

Grindavíkurbær
Atli Geir Júlíusson
Víkurbraut 62
240 Grindavík

Reykjavík, þriðjudagur, 11. janúar 2022
UST202112-257/B.S.
10.04.03

Efni: Tillaga - Deiliskipulag - Iðnaðarorkuvinnslusvæði – Reykjanes - Grindavíkurbær

Vísað er til erindis Grindavíkurbæjar dags. 21. desember 2021 þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreint deiliskipulag.

Hér er verið að skipta orkuvinnslusvæðinu í tvennt eftir sveitarfélagsmörkum Grindavíkurbæjar og Reykjanesbæjar en áður hefur verið eitt deiliskipulag í gildi fyrir svæðið. Í greinargerð kemur fram að deiliskipulaginu er ætlað að gefa betri yfirsýn yfir orkuvinnslusvæðið, uppfæra skilmála og marka stefnu um umgjörð jarðhitanýtingar auk þess að marka ramma um uppbyggingu atvinnustarfsemi sem nýtt geti afgangstrauma frá Reykjanesvirkjun innan Auðlindagarðsins.

Umhverfisstofnun telur mjög jákvætt að mörkuð sé sú stefna að nýta sem best núverandi borteiga, að fyrirhuguð mannvirki verði í tengslum við núverandi mannvirki í stað þess að taka undir mannvirki algerlega óröskuð svæði. Einnig er að mati stofnunarinnar jákvætt að nýta eins og mögulegt er þá orku sem nú fer ónýtt frá Reykjanesvirkjun í stað þess að ráðast í orkuöflun annars staðar. Til fyrirmyndar eru skilmálar um mótun og frágang borteiga sem og skilmálar um landmótun og frágang lóða á deiliskipulagssvæðinu og að ekki skuli gróðursettur trjágróður á svæðinu.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við umrætt deiliskipulag.

Virðingarfyllt

Björn Stefánsson
Sérfræðingur

Axel Benediktsson
Sérfræðingur